

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að Höfðabakki hafi leyfilegan hámarkshraða 50 km/klst.

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að eitt bifreiðastæði við Grettisgötu 46 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
2. Að eitt bifreiðastæði við Grettisgötu 57B verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
3. Að eitt bifreiðastæði á Tjarnargötu við Vonarstræti verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
4. Að eitt bifreiðastæði við Flókagötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
5. Að eitt bifreiðastæði við Tjarnargötu 14 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
6. Að gönguþverun yfir frárein af Fífilsgötu úr norðri inn á Hringbraut til vesturs verði merkt sem gangbraut.
7. Að austari akrein til norðurs á Fífilsgötu, milli Hringbrautar og Burknagötu, verði merkt sem eingöngu ætluð viðbragðsaðilum.
8. Að þrjú bifreiðastæði við Klapparstíg 38 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar.
9. Að eitt bifreiðastæði við Klapparstíg 28 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Reykjavík, 28. apríl 2025.*

Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,  
**Björg Ósk Gunnarsdóttir** lögfræðingur.

---

B deild - Útgáfudagur: 4. júní 2025